

Ed. **269. Frumvarp til laga** [142. mál]
um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

1. gr.

Aðsetur embættis bæjarfógetans í Vestmannaeyjum skal fyrst um sinn vera í Reykjavík, og er bæjarfógeta heimilt að framkvæma þar allar embættisathafnir, sem undir embættið heyra.

Nú á aðili varnarþing í Vestmannaeyjum, og má þá sækja hann fyrir dómi á aðsetursstað embættis bæjarfógetans í Vestmannaeyjum í Reykjavík.

2. gr.

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum skal afsegja vixla með greiðslustað í Vestmannaeyjum með fullu gildi á aðsetursstað embættis bæjarfógetans í Vestmannaeyjum í Reykjavík.

3. gr.

Nú fellur krafa eða önnur fjárskuldbinding með greiðslustað í Vestmannaeyjum, eða krafa á hendur aðila með varnarþing í Vestmannaeyjum, í gjalddaga á tímabilinu frá 23. janúar 1973 til 22. febrúar 1973, og er þá gjalddaga þeirrar skuldbindingar frestað til 23. febrúar 1973.

Réttaráhrifum vegna vanefnda á fjárskuldbindingum með efndastað í Vestmannaeyjum eða fjárskuldbindingum aðila með varnarþing í Vestmannaeyjum, sem fallið hafa í gjalddaga fyrir 23. janúar 1973, er frestað til 23. febrúar 1973.

4. gr.

Fullnægjandi er, að tilkynning, sem hafa skal réttaráhrif og á að berast viðtakanda í Vestmannaeyjum á tímabilinu frá 23. janúar 1973 til 22. febrúar 1973, berist 23. febrúar 1973.

5. gr.

Vextir af skuldum, sem greiðslu er frestað á samkvæmt 3. gr., skulu á því tímabili vera þeir sömu og krafan þar.

6. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður með auglýsingu, hvenær sá háttur mála, sem um ræðir í 1. og 2. gr., fellur niður.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum, sem hófust 23. janúar 1973, hefur orðið slík röskun á högum manna og aðstöðu þar, að óhjákvæmilegt er að kveða með lögum á um bráðabirgðaskipan bæjarfógetaembættisins í Vestmannaeyjum og tilhögun dómsmálameðferðar þar.

Af sömu ástæðum er og nauðsynlegt að fresta um sinn ýmsum réttaráhrifum, sem að óbreyttu eiga að koma til framkvæmda á fyrstu dögnum eftir að náttúruhamfarirnar hófust, og er eftir atvikum rétt að miða við að réttaráhrif hefjist 23. febrúar 1973.